

Hvatningarverðlaun



skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur 2019
vegna **grunnskólastarfs** og samstarfsverkefna

- Viltu vekja athygli á gróskumiklu **grunnskólastarfi** á vegum Reykjavíkurborgar?
- Veistu af metnaðarfullu þróunarverkefni, skemmtilegum tilraunum, áhugaverðum samstarfsverkefnum grunnskóla við leikskóla eða frístundamiðstöðvar?
- Viltu veita starfsfólki í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkur viðurkenningu og hvatningu?

Auglýst er eftir tilnefningum til hvatningarverðlauna skóla- og frístundaráðs vegna grunnskólastarfs í Reykjavík.

Allir geta tilnefnt til verðlaunanna; foreldrar, ömmur og afar, starfsfólk SFS, aðrir borgarstarfsmenn, grunnskólar, leikskólar, frístundamiðstöðvar, aðrar stofnanir og samtök. Við val á verðlaunahöfum verður haft til hliðsjónar að verkefnið sé öðrum til eftirbreytni og hvatning til góðra verka, svo og að fjölbreytt verkefni fái viðurkenningu. Þrjú verkefni sem skara fram úr verða verðlaunuð og fær starfsstaður viðurkenningarskjal og verðlaunagrip til eignar.

Hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs **fyrir framsækið grunnskólastarf** verða afhent á **Öskudagsráðstefnu** sem haldin verður **6. mars 2019**.

Eyðublað og frekari upplýsingar eru á heimasíðu skóla- og frístundasviðs, www.skolarogfristund.is og er skilafrestur tilnefninga til **13. febrúar 2019**. Tilnefningar sendist á sfs@reykjavik.is

